

**Ed.**

**240. Frumvarp**

til laga um eignarnám á jörðinni Reykhólum.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal vera heimilt að láta taka eignarnámi til handa landinu jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni dómsmálaráðherra. Ástæður fyrir nauðsyn málsins felast í brjefi því frá landlækni, sem prentað er hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**LANDLÆKNIRINN.**

Reykjavík, 10. febr. 1928.

Eins og hinu háa dómsmálaráðuneyti er kunnugt vantar enn læknissetur í Reykhólahjéraði.

Í bræfi mínu, dagsettu 4. júlí 1925, hef jeg gert ljósa grein fyrir þeim vandræðum. Jeg lagði þá til, að ákveðið yrði að læknissetrið skyldi vera fyrir botninum á Bernfirði, og var það ákveðið þá um haustið, sbr. Auglýsingu um læknissetur í Reykhólabjæraði 25. sept. 1925.

Hjæraðsbúar höfðu þá einkum augastað á jörðinni Berufirði, og höfðu enda fest kaup á þeirri jörð.

En þau jarðakaup hafa aldrei verið fullgerð. Fór meir og meir að bera á óánægju meðal hjæraðsbúa yfir þessari ráðstöfun. Töldu þeir margir jörðina of dýra og óhentuga fyrir ýmsra hluta sakir. Hneigðust hugir manna, að því er mjer virtist, meir og meir að því, að hafa læknissetrið í Reykhólandi. Þar er greiður aðgangur að jarðhita og vegalengdin frá Berufjarðarbotni að Reykhólum er ekki mikil, svo að vel má við una, staðhátta vegna, að læknir sitji þar.

Í sumar sem leið gerði jeg mjer ferð vestur, eftir tilmælum hjæraðsbúa, til að ræða við þá um þetta þeirra gamla vandræðamál.

Hjæraðið tekur yfir þrjá hreppa: Geiradalshrepp, Reykhólahrepp og Gufudalshrepp.

Jeg kvaddi hreppstjóra og oddvita úr öllum þessum hreppum á fund í Króksfjarðarnesi 11. ágúst f. á.

Á þeim fundi var þetta samþykkt:

1. »Fundarmenn samþykkja að gangast fyrir því, að hjæraðsbúar kaupi sem allra fyrst jarðnæði undir læknissetur, og takist ekki að fá samþykki sýslunefndar eða ná samkomulagi meðal hreppsúa í öllum hreppum hjæraðsins, þá að fara fram á heimildarlög til eignarnáms á tilteknu jarðnæði«.

Þetta síðasta úrræði var samþykkt eftir bændingu frá mjer. Eunnfremur var samþykkt:

2. »Fundurinn felur Guðmundi Jakobssyni bókara, að útvega tilboð hjá eiganda Reykhóla um sölu á horni úr Reykhólandi ofan Grundarár, og skorar á landlækni að veita þeirri málaleitun sitt liðsinni«.

Hjer er átt við G. Jakobsson bókara á hafnarskrifstofu Reykjavíkur og föður hjæraðslæknisins í Reykhólahjæraði. Var hann staddur á þessum fundi ásamt hjæraðslækni.

Þegar heim kom leituðum við til eiganda Reykhóla um kaup á fyrnefndri eða annari spildu úr Reykhólandi. Var því vel tekið í fyrstu, en við þó stöðugt dregnir á langinn, og loks nú í vetur fengum við algert afsvar. Eigandi neitadi að selja. Höfðum við þó að síðustu sagt frá því, að vel gæti komið til eignarnáms. Kvaðst eigandi myndi láta sjer það lynda.

Þegar hjæraðsbúar fengu þessar frjettir, risu þeir upp og söfnuðu í öllum hreppunum undirskriftum undir áskorun til ríkisstjórnarinnar um það, að fá lagaheimild til, að taka eignarnámi spildu úr Reykhólandi, í því skyni að reisa þar læknisbýli.

Þær áskoranir hafa nú verið afhentar hæstvirtum dómsmálaráðherra.

Þannig stendur þetta mál af sjer í svipinn.

Hið gamla, þjóðkunna höfuðból Reykhólar hefir marga kosti til að bera. Þar eru miklar landnytjar og mikil hlunnindi, dúntekja og selveiði. En þar eru

lika, kringum hvolinn, sem bærinn stendur á, margar og miklar heitar uppsprettur. Reykhólar eru ein af stærstu hverajörðum á landi hjer.

Nú er það álit mitt, og sennilega margra manna álit, að allar helstu hverajarðir landsins eigi sem allra fyrst að komast í eigu ríkisins, eða þá bæjarfjelaga eða sveitarfjelaga.

Þess vegna legg jeg eindregið til, að ríkisstjórnin fari þess á leit við Alþingi að fá heimild til að taka Reykhóla eignarnámi til handa ríkinu, til ýmsra afnota, er horfa til almennings heilla, og þá nú strax í fyrstu til þess, að geta látið Reykhólahjæraði í tje landspildu fyrir læknisbýli með aðgang að heitri laug.

En fari svo að ríkisstjórn eða Alþingi sjái sjer ekki fært að sinna þessari málaleitun minni — þessari framtíðarnauðsyn, þá læt jeg, til vara, hjer með fylgja frumvarp, sem fer fram á að heimila Reykhólahjæraði að taka eignarnámi spildu úr Reykhólalandi til að reisa þar læknisbýli.

G. Björnson.

Dómsmálaráðuneytið.